

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Við Háubakka, Seyðisfirði



Dags eftirlits	5.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Vörðu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520412-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.
Engin starfsemi er í stöðinni og enginn búnaður henni tengdur út í sjó.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða kvíaeldisstöð við Háubakka í Seyðisfirði. Starfsleyfið er fyrir eldi á allt að 200t árlega. Eldistegund er ekki tilgreind.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Engin starfsemi er í stöðinni og hefur ekki verið frá því rekstraraðili færðist yfir til Umhverfisstofnunar frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, með breytingu á lögum nr. 7/1998 árið 2018. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar voru gerðar á áhættumatinu á milli ára og flokkast starfsemin áfram í eftirlitsflokk D sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn þriðja hvert ár.

Fundað var með rekstraraðila í gegnum Teams fundarbúnað þann 11. ágúst sl. og farið yfir stöðu mála. Þar kom fram að rekstraraðili hyggst setja út kvíar á svæðið síðla árs 2023 eða 2024 ef allar áætlanir ganga eftir. Var rekstraraðili minntur á að tilkynna til Umhverfisstofnunar með góðum fyrirvara um útsetningu fisks í kvíar.

Keyrt var meðfram strandlengjunni þann 5. ágúst sl. og litið yfir kvíasvæðið við Háubakka. Engar kvíar var að sjá né annan búnað sem tilheyrir rekstraraðila. Veður var bjart og stillt og útsýni yfir sjóinn gott.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að meðan starfsleyfi er í gildi mun eftirlitsaðili framkvæma eftirlit með starfseminni skv. eftirlitsáætlun stofnunarinnar og innheimt verður eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, hvort sem rekstur er í gangi eður ei. Óski fyrirtækið eftir því að starfsleyfið verði fellt úr gildi skal senda um það formlegt erindi á Umhverfisstofnun annað hvort á netfangið ust@ust.is eða með bréfpósti.

Rekstraraðili var minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi í tíma, eða með árs fyrirvara en núverandi starfsleyfi rennur út þann 7. nóvember 2026.


Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti enda ekki um neina starfsemi á svæðinu að ræða.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.08.2022



Guðbjörg Stella Árnadóttir